

— *Bréf innanríkisstjórnarinnar til landshöfðingja um póstsendingar með* **72**
póstgufuskipinu. — Út af þóknanlegu bræfi yðar, herra landshöfðingi, frá 13. f. m.,
skal ekki látið undan falla þjónustusamlega að skýra yður frá, að skipað hafi verið yfirpóst-
meistaraembættinu hjer í bænum og póstaðgreiðslunni í Þórshöfn að skiptast á þetta ár
með póstgufuskipinu bræfa- og böggulpóstskrám ekki að eins við póstaðgreiðslumennina
á Seyðisfirði, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi og við póststofuna í Reykjavík, heldur og
við póststofurnar á Eskifirði, Vopnafirði, Húsavík, Þingeyri og Bíldudal. Auk þess hefir verið skip-
að tjeðum póststofum það sem við þarf um ráðstöfun á sendingum til Sauðárkróks og
Flateyrar.

72
14. apríl.

— *Bréf landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um greiðslu á vín-* **73**
fangatolli. — Í þóknanlegu bræfi dags. í gær hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt frá,
að skip eitt, að nafni «Anine», skipstjóri Rasmussen, sem á að fara til Skagastrandar, og
hefir orðið fyrir miklum hrakningum, hafi hleypt hjer inn, og því getað orðið umtalsmál,
hvort heimta skuli toll hjer af þeim vínföngum, sem á skipinu eru, með því tilsk. 26.
febr. 1872 heimti, að það sje gjört þar, sem sýna skuli lögreglustjóranum leiðarbræfið og
hin önnur skipaskjöl, og hafið þjer þess vegna leitað úrlausnar minnar um þetta efni, en
jafnframt látið það álit yðar í ljósi, að með því skipstjórinn, þó hann eigi að sýna hjer
nokkuð af skipaskjölunum, að yðar hyggu hvorki þurfi að sýna leiðarbræfið nje tollskrána,
geti hann ekki að lögum verið skyldur til að greiða tollinn hjer.

73
24. apríl.

Út af þessu læt jeg ekki hjá liða þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að þar
eð hvert skip samkvæmt 8. gr. laga 15. apríl. 1854 á að sýna skjöl sín og láta rann-
saka þau og rita á þau á þeim stað, þar sem það kemur fyrst, en tollinn ber að heimta
þar sem það fyrst á að sýna skipaskjölin, án tillits til þess, þó það eigi þá þegar þurfi
að hafa meðferðis eður sýna íslenzkt sjóleiðarbréf (sjá bréf ráðgjafans fyrir Ísland 26.
maí f. á.), þá ber að heimta hjer í Reykjavík toll af ölföngum þeim, er ofan nefnt skip
hefir meðferðis.

— *Bréf ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um styrk úr landssjóði* **74**
til að eignast þilskip. — Út af bönarbræfi því, er sent var hingað með þókn-
anlegu bræfi yðar, herra landshöfðingi, frá 27. janúar þ. á., og þar sem eigendur skipsins
Olgu frá Vestmannaeyjum, er frakkneskt fiskiskip sigldi í kaf í fyrra, fara þess á leit, að
þeim verði veittur úr víðlagasjóði eða styrktarsjóði Íslands svo mikill styrkur sem unnt
er, til þess að þeir geti eignast nýtt skip, jafnstórt og Olga var, skal til þóknanlegrar
leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn sjer sjer ekki fært að veita
það, sem um hefir verið sótt.

74
21. apríl.

— *Bréf innanríkisstjórnarinnar til landshöfðingja um gufuskiðsferðirnar* **75**
milli Íslands og Danmerkur. — Um leið og vísað er til ferða-áætlunar þeirrar
um árið 1877 fyrir póstskip þau, er fara milli Danmerkur, Skotlands, Færeyja og Ís-
lands, er þjer fenguð nokkur exemplör af á sínum tíma, skal ekki látið undan falla að skýra
yður frá, að ófyrirsjáanleg atvik gerðu það nauðsynlegt að láta gufuskiðið Valdemar fara
aðra ferð Arktúrusar á þessu ári, og munu líklega einnig ferðir þær, er Arktúrus sam-
kvæmt nefndri áætlun á eptir, verða farnar af Valdemar.

75
12. maí.

Hinn 27. júní 1877.